



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun 2/2009

Ákvörðun um sektir vegna útsölu Húsasmiðjunnar hf.

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu barst kvörtun vegna útsölu hjá Húsasmiðjunni hf. með nafnlausri ábendingu í gegnum rafræna Neytendastofu, dags. 3. janúar 2009. Í kvörtuninni voru tilgreindar fjórar vörur, verð þeirra dagana 31. desember 2008 og 1. janúar 2009, tilboðsverð þeirra þann 2. janúar 2009 og sá afsláttur sem Húsasmiðjan auglýsti af hverri og einni vöru.

	31.des.08	01.jan.09	02.jan.09	afsláttur
Picknicksett barna	9.450 kr.	18.900 kr.	14.175 kr.	25%
Cosmos 100 stk. verkfærasett	2.990 kr.	4.995 kr.	4.246 kr.	15%
Toolux 43 stk. verkfærasett	1.599 kr.	2.949 kr.	2.507 kr.	15%
Verkfærasett, 8 tangir og 5 skrúfjárn	3.990 kr.	5.449 kr.	4.632 kr.	15%

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. janúar 2009, til Húsasmiðjunnar fór stofnunin fram á það að Húsasmiðjan skýrði stofnuninni frá því hvenær verð á vörunum hækkaði frá því verði sem í gildi var 31. desember 2008 og hvenær útsala byrjaði. Þá fór stofnunin fram á það að Húsasmiðjan færði sönnur á að vörurnar hafi verið seldar á því verði sem tilgreint væri sem fyrra verð og útsöluverð reiknaðist af, áður en til útsölu kom.

3.

Svar Húsasmiðjunnar barst Neytendastofu með ódags. bréfi, móttæknu 19. janúar 2009. Í bréfinu kemur fram að verð á Picknicksetti barna hafi verið kr. 18.900 fram til 17. september 2008. Þann dag og til 31. desember 2008 hafi varan verið á tilboði með 50% afslætti. Síðan hafi hún verið á tilboði með 25% afslætti frá 2. janúar 2009 til 19. janúar s.á. Verð á Cosmos verkfærasetti hafi verið kr. 4.995 til 4. nóvember 2008. Frá þeim degi til 31. desember 2008 hafi varan verið á



tilboði með 40% afslætti. Síðan hafi hún verið á tilboði með 15% afslætti frá 2. janúar 2009 til 19. janúar s.á. Verð á Toolux verkfærasetti hafi verið kr. 2.948 til 15. október 2008. Frá þeim degi til 31. október 2008 hafi hún verið á tilboði með 52,6% afslætti. Dagana 4. nóvember 2008 til 31. desember s.á. hafi hún aftur verið á tilboði þá með 45,8% afslætti. Frá 2. janúar 2009 til 19. janúar s.á. hafi hún verið á tilboði með 15% afslætti. Verkfærasett með átta tögum og fimm skrúfjórnum hafi kostað kr. 4.989 til 1. október 2008. Þann dag hafi varan hækkað í kr. 5.449. Varan hafi verið á tilboði með 26,6% afslætti frá 17. nóvember 2008 til 31. desember s.á. en frá 2. janúar 2009 til 19. janúar s.á. hafi hún verið á tilboði með 15% afslætti.

Með bréfinu fylgdu útprentanir úr sölukerfi Húsasmiðjunnar sem sýndu fram á sölu varanna á framangreindum tímabilum.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. febrúar 2009, var Húsasmiðjunni tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og yrði málið því tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita hvort Húsasmiðjan hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglum nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 9. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra segir:

„Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:

...

d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum ...“

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:



„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölu. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því skv. ákvæðinu ekki heimilt að hækka verð í þeim tilgangi að geta síðar auglýst verðlækkun.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008 um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 3. gr. reglnanna segir:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.

Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Með ákvæðinu er skýrt nánar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um það að um raunverulega verðlækkun skuli vera að ræða. Skv. ákvæðinu verður seljandi að geta fært sönnur fyrir því að varan hafi raunverulega verið á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð. Í reglunum er ekki kveðið á um það í hve langan tíma varan hafi þurft að vera á hinu fyrra verði eða hversu mörg eintök af vörunni hafi verið seld á því verði. Neytendastofa metur því hvert og eitt tilvik m.a. að teknu tilliti til þess um hvernig vöru er að ræða og hversu mikil sala er á vörunni.

Í 2. mgr. 2. gr. sömu reglna segir:

„Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að seljandi auglýsi vöru sína á útsölu eða tilboði í langan tíma enda felur slíkt að mati Neytendastofu ekki í sér raunverulega lækkun, sbr. 11. gr. laga nr. 57/2005. Þegar vara hefur verið á útsölu í sex vikur er því ekki lengur um útsölu að ræða.

2.

Í bréfi Húsasmiðjunnar kemur fram að Picknicksett barna hafi verið á útsölu í 16 vikur, frá 17. september 2008 til 31. desember s.á., áður en til útsölu kom þann 2. janúar 2009. Cosmos verkfærasett var á útsölu í átta vikur, frá 4. nóvember 2008 til 31. desember s.á., áður en til útsölu kom þann 2. janúar 2009. Toolux verkfærasett var á útsölu í tvær vikur, frá 15. október 2008 til 31. október s.á., og í átta vikur, frá 4. nóvember 2008 til 31. desember s.á., áður en til



útsölu kom þann 2. janúar 2009. Með bréfi Húsasmiðjunnar fylgdi útprentun úr sölukerfi fyrirtækisins þar sem fram kemur að varan var einnig seld á útsöluverði dagana 31. október 2008 til 4. nóvember s.á. Skv. því hefur varan verið samfleytt á útsölu frá 31. október 2008, eða í tíu vikur, þó prósentuafsláttur hafi á breyst á tímabilinu. Þá var verkfærasett með átta tögum og fimm skrúfjárnnum á útsölu í sex vikur, frá 17. nóvember 2008 til 31. desember s.á., áður en til útsölu kom þann 2. janúar 2009. Í svari Húsasmiðjunnar kemur fram að allar framangreindar vörur hafi þann 1. janúar 2009 verið á því verði sem var í gildi áður en til tilboða eða afsláttar kom.

Að mati Neytendastofu er ekki fullnægjandi að vara sé á því verði sem í gildi var áður en til tilboða eða afsláttar kom í einn dag til þess að verðið geti talist fyrra verð á útsölu. Þá telur stofnunin einnig ámælisvert að sá eini dagur skuli vera nýársdagur og verslanir Húsasmiðjunnar lokaðar. Picknicksett barna hafði verið á útsölu í 16 vikur, Toolux verkfærasett í tíu vikur og Cosmos verkfærasett í átta vikur. Skv. 2. gr. regla nr. 366/2008 var útsöluverð þeirra því orðið venjulegt verð. Útsöluverð sem tók gildi þann 2. janúar 2009 hefði því skv. 3. gr. sömu reglna átt að reiknast frá útsöluverði sem lauk þann 31. desember 2008.

Samkvæmt öllu framangreindu hefur Húsasmiðjan brotið gegn ákvæðum 5. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og 2. gr. reglna nr. 366/2008 með því að hafa Picknicksett barna, Cosmos verkfærasett og Toolux verkfærasett á útsölu í meira en sex vikur. Þá hefur Húsasmiðjan brotið gegn ákvæðum 5. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og 3. gr. reglna nr. 366/2008 með því að tilgreina fyrra verð á framangreindum útsöluvörum sem verð sem vörurnar höfðu ekki verið seldar á áður en til útsölu kom.

3.

Í a. lið 22. gr. laga nr. 57/2005 er Neytendastofu gefin heimild til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

„ákvæðum laga þessara, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II. – V. kafli“

Neytendastofu þykir ljóst í máli þessu að ásetningur Húsasmiðjunnar hafi verið að blekkja neytendur í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti með tilteknar vörur. Telur stofnunin því nauðsynlegt að beita sektarheimildum.

Skv. útprentunum úr sölukerfi Húsasmiðjunnar er söluandvirði Picknicksetts barna, Cosmos og Toolux verkfærasetta frá þeim tíma sem vörurnar höfðu verið á útsölu í sex vikur fram til 2. janúar 2009 um 145.000 kr. Þá er söluandvirði Picknicksetts barna, Cosmos og Toolux



verkfærasetta og verkfærasett með átta tögum og fimm skrúfjárnnum á útsölutímabilinu 2. janúar 2009 til 19. janúar s.á. um 75.000 kr. Samanlagt söluandvirði er því 220.000 kr.

Í IX. kafla laga nr. 57/2005 er ekki um það fjallað hvernig reikna skuli út sektir vegna brot á lögnum en skv. 2. mgr. 22. gr. er hámarksfjárhæð sekta 10 milljónir kr. Að teknu tilliti til alvarleika brotsins þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Húsasmiðjuna stjórnvaldssekt sem nemur tvöföldu söluandvirði hlutanna fyrir umrætt tímabil.

Húsasmiðjan skal skv. öllu framangreindu greiða í stjórnvaldssekt 440.000 kr. vegna brota á ákvæðum 5. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og 2. og 3. gr. reglna nr. 366/2008.



III.

Ákvörðunarorð:

„Húsasmiðjan hf., Holtavegi 10, Reykjavík, hefur með því að hafa Picknicksett barna, Cosmos og Toolux verkfærasett á útsölu í meira en sex vikur brotið gegn ákvæðum 5. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 2. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Húsasmiðjan hf. hefur með því að tilgreina fyrra verð á útsöluvörunum Picknicksett barna, Cosmos verkfærasett, Toolux verkfærasett og verkfærasett með átta tögum og fimm skrúfjárnnum, sem verð sem vörurnar voru ekki seldar á fyrir útsölu, brotið gegn ákvæðum 5. gr., d. lið 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa á Húsasmiðjuna hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 440.000 (fjögurhundruðogfjörtíuþúsundkrónur).

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en þrem mánuðum eftir dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 12. febrúar 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir